

Sameiginleg kröfugerð iðnaðarmanna

Kröfugerð iðnaðarmanna tekur mið af þeirri stöðu sem uppi er í íslensku samfélagi. Verðbólga hefur verið lág undanfarið en hugmyndir um afnám gjaldeyrishafta valda óvissu. Ef og þegar þær hugmyndir koma til framkvæmda mun íslenska krónan veikjast verulega til skamms tíma og jafnvel til lengri tíma lítið. Verði samið til lengri tíma en eins árs við þessar aðstæður er óhjákvæmilegt annað en að verðtryggja laun, til að tryggja þann kaupmáttarauka sem samið verður um.

Kröfugerðin byggir á áherslum iðnaðarmanna um endurskoðun á launakerfum með það að markmiði að auka framleiðni, minnka yfirvinnu og leiðréttu laun iðnaðarmanna en þau hafa hækkað minna en laun annarra hópa undanfarið. Til að ná markmiðum um að draga úr yfirvinnu þarf að hækka dagvinnulaun iðnaðarmanna verulega svo þeir eigi raunverulegt val um að minnka við sig vinnu.

Þau félög iðnaðarmanna sem standa að þessari kröfugerð lýsa sig reiðubúin til samstarfs við atvinnurekendur um aðgerðir og útfærslur í hverri grein sem stuðla að aukinni framleiðni.

Launaliður

- Almenn hækkun launa 20%
- Byrjunarlaun iðnaðarmanns með sveinspróf verði kr. 381.326 á mánuði.
- Bil á milli taxta verði:
 - Eftir 1 ár: + 3% ofan á byrjunarlaun
 - Eftir 3 ár: +3% ofan á 1 ár
 - Eftir 5 ár: +3% ofan á 3 ár
 - 5 ára sveinn + meistari: +5% ofan á 5 ár
- Launatafla: fara yfir hlutföll milli hópa og tengja launaflokka við hæfniprep (ISQF)
- Orlofs og desemberuppbætur hækki. Verði hálf mánaðarlaun viðkomandi
- Aðfangadagur og gamlársdagur verði frídagar launafólks hjá þeim sem ekki hafa það nú þegar
- Nýir kjarasamningar gildi frá 1. mars 2015

Aðrar sameiginlegar kröfur

- Réttindasöfnun: kennitölufلاك getur leitt til þess að sá hluti réttinda sem er háður starfstíma hjá sama atvinnurekanda fari forgörðum.
- Efla vinnustaðaeftirlit
- Styrkja ráðningarsamninga
- Auka og samræma veikindarétt
- Orlofsréttur: ávinnsla og orlofstaka að vetri
- Skýrari ákvæði um flokks- og verkstjórnarálag
- Sameiginlegt átak um nýliðun í iðngreinunum

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "NSO", "NS", "ER", and "OBR".

Sérkröfur einstakra sambanda og félaga

Félög og sambönd hafa lagt fram sérkröfur sínar. Gert er ráð fyrir því að sérkröfur hvers félags verði ræddar sér ásamt nánari útfærslum á aðgerðum til að ná fram framleiðniaukningu.

Dags. 12. mars 2015




Rafiðnaðarsamband Íslands



MATVIS



Félag hársnyrtisveina



Félag bókagerðarmanna



Samiðn samband iðnfélaga



Félag vélstjóra og málmíðnaðarmanna